

Tillaga að breytingu á grein 12.1.2. í samþykktum fyrir

Lífeyrissjóð bænda

Breytingin er gerð með það í huga að gera lífeyrissjóðnum kleift að framkvæma tekjuathugun hjá örorkulífeyrisþegum sjóðsins á sama hátt og í samvinnu við aðra lífeyrissjóði sem eru aðilar að Greiðslustofu lífeyrissjóða.

Fram til þessa hefur skort ákvæði í samþykktum lífeyrissjóðanna sem skilgreina hvernig skuli ákvarða viðmiðunartekjur öryrkja, framreikna þær og meta tekjutap þeirra. Mat þetta hefur farið fram hjá lífeyrissjóðunum á mismunandi hátt fram að þessu og því nauðsynlegt að samræma ákvæði um framkvæmdina.

Í stað eftirfarandi greinar:

12.1.2. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 14. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Kemur ný grein nr. 12.1.2. sem hljóðar svo:

Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 14. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið reiknaðar til úrskurðardags. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga, er fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2006. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.